

Skrá eða breyta lýsingu, afdrifum, sér- og raðnúmeri

Forskráning við flutning færsla frá **AP/GL** er mögulega ófullkominn í einhverjum tilfellum, samanber upplýsingar í svæðinu „**Lýsing**“, einnig gæti vantað raðnúmer (S/N) eða rangur tegundalykill valinn við upphaflega skráningu.

Hér höfum við valið eign í Eignaskrár glugganum sem er með ófullnægjandi lýsingu. Þegar búið er að uppljóma viðkomandi línu í glugganum „**Assets**“ er smelt á hnappinn „**Opna**“.

Ath. við innskráningu í Orra velja tungumál „Íslenska“.

Eignarnúmer	Lýsing	Sérmerking	Raðnúmer	Flokkur	Aðrf	Tegund eignar	Einingar
369075	X			18101-0	01	Eignfæst	- 1
369074	X			18101-0	01	Eignfæst	- 1
369073	Kingston 120GB SSDNow V300 (7mm)			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369072	NCR RealPos 50 T3100 4GB, Intel Celeron T:			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369071	Kingston 120GB SSDNow V300 (7mm)			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369070	NCR RealPos 50 T3100 4GB, Intel Celeron T:			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369069	Pontun P141130			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369068	Kingston 120GB SSDNow V300 (7mm)			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369067	NCR RealPos 50 T3100 4GB, Intel Celeron T:			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369066	X			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369065	Umbeidd Guðbrandur Jónsson -Pontun P14			18110-0	01	Eignfæst	- 1
369064	kapalök úr plasti alltur			18101-0	01	Eignfæst	- 1
369063	Nótarspjald á 110 hlöð			18101-0	01	Eignfæst	- 1
369062	Flex T rafb. 180x110 hægra (mellarni)			18101-0	01	Eignfæst	- 1
369061	Þú skrifb. stóll svartur/svarta			18101-0	01	Eignfæst	- 1
368437	TEST			18101-0	01	Eignfæst	- 1

Þegar glugginn hefur opnast þá er hægt að fara beint inn í svæðið „**Lýsing**“ og skrá þar inn réttan texta og þá í samræmi við reikninginn sem býr að baki. Reikningsnúmer er hægt að sjá með því að smella á hnappinn „**Upprunalínur**“ í glugganum „**Assets**“.

Hér er einnig hægt að skrá/breyta í svæðin „Sérmerking“*, „Raðnúmer“** og „Afdrif“. Það er þriggja punkta hnappur aftast í svæðinu „Afdrif“ og ef smellt er á hann er hægt að fá upp þá valmöguleika sem eru í boði.

The screenshot shows a web form titled "Eignalýsingar". It has two columns of input fields. On the left side, there are fields for "Eignanúmer" (369066), "Sérmerking" (circled in red), "Raðnúmer" (circled in red), "Tegund eignar" (Eignfært), "Yfireign", "Framleiðandi", "Ábyrgðarnúmer", "Númer leigusamnings", "Leigusali", "Fasteignategund", "Fasteignaflokkur", and "Skuldbinding". On the right side, there are fields for "Lýsing" (Hillur og skápar), "Flokkur" (18101-0-01), "Afdrif" (01, circled in red), "Einingar" (1), "Lýsing", "Módel", "Lýsing", "Eignarhald" (Eign), "Keypt" (Nýtt), and "Fjárfestingalög". At the bottom, there are three buttons: "Skoða undirhluti", "Lokið" (circled in red), and "Hætta við".

Þegar lokið hefur verið við breytingar er smellt á hnappinn „Lokið“ og þá vistast allar breytingar.

„Sérmerking“* Er notað ef stofnun vill nota sitt eigið númerakerfi á eignum, t.d. strikamerki. Þar sem gagnagrunnurinn er sameiginlegur öllum stofnunum er ekki hægt að nota sama númer hjá fleiri en einni stofnun. Aðilar skulu því nota stofnananr. eða skammstöfun stofnunar sem forskeyti. t.d. FJS00001 eða 0910300001. Ath! Svæðið er 15 stafir að lengd.

„Raðnúmer“** Raðnúmer er oft á reikningum og kemur oft með textum í lýsingasvæðinu ef um rafrænan reikning er að ræða. Réttast er þá að skrá númerið hér en sleppa því þá í lýsingasvæðinu.